

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 1/1985.

**Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Dagrúnu Helgu Hauksdóttur**

(Jóhann H. Niésson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 11. desember 1984.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærðu verði þyngd.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 22. febrúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiakvæða.

Ákærða sætti 2.000,00 króna sekt með dómssátt í sakadómi Reykjavíkur hinn 17. september 1982 og ökuleyfissviptingu í 2 mánuði frá 6. sama mánaðar að telja fyrir ölvun við akstur. Þykir refsing ákærðu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærðu ökuréttindum ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

**D ó m s o r ð:**

Ákærða, Dagrún Helga Hauksdóttir, sæti varðhaldi 15. daga. Hún er svipt ökuréttindum ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Jóhanns H. Nielssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 14. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 530/1984: Ákærvaldið gegn Dagrúnu Helgu Hauksdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 1. október sl., gegn ákærðu, Dagrúnu Helgu Hauksdóttur, áður til heimilis að Fjarðarási 28, Reykjavík, en nú að Tunguvegi 6, Kópavogi, fæddri 24. nóvember 1962 í Reykjavík, „fyrir að aka, sunnudaginn 15. júlí 1984, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-41342 frá veitingahúsinu Hollywood við Ármúla í Reykjavík áleiðis heim til sín með viðkomu hjá B.S.R. í Lækjargötu og Umferðarmiðstöðinni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar í Hamrahlíð.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt sunnudagsins 15. júlí sl. um kl. 4:30 stöðvuðu lögreglumenn akstur ákærðu á bifreiðinni R-41342 í Hamrahlíð, þar sem þeim þótti aksturslagið ekki eðlilegt. Ákærða viðurkenndi að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, og sýndi öndunarprufa II.—III. stig. Hún var því færð til yfirheyrslu á lögreglustöð, þar sem hún kvaðst hafa drukkið 2 glös af hvítvíni um kl. 3:30, en ekki hafa fundið til áfengisáhrifa. Að yfirheyrslu lokinni var ákærðu tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hennar vera 0,68‰.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 16. ágúst og í dómi í dag, og var framburður hennar um áfengisneyslu hennar á sama veg og að framan greinir. Hún kvaðst hafa ekið frá veitingahúsinu Hollywood að B.S.R. í Lækjargötu, þaðan að B.S.Í. og áfram, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar. Hún kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, en vefengi þó ekki niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar.

Lögreglumennirnir, sem afskipti höfðu af akstri ákærðu, hafa allir verið yfirheyrðir hjá lögreglu. Rúnar Guðmundsson kvaðst hafa veitt akstri hennar sérstaka athygli vegna þess, að hún gaf ekki stefnumerki, er hún ók af Skógarhlíð um Eskitorg og austur Hamrahlíð. Hann kvað ákærðu hafa ver-

ið sérstaklega föla í andliti og rauða til augnanna, en mundi ekki eftir öðrum ölvunareinkennum á henni. Helgi Jóhannesson kvaðst ekki hafa veitt aksturslagi ákærðu sérstaka athygli, en kvað bifreiðina hafa verið í slæmu ástandi auk þess sem henni var ekið hægt. Hann treysti sér ekki til þess að greina frá ölvunareinkennum á ákærðu. Ingólfur Harðarson kvað akstur ákærðu hafa verið skrykkjóttan. Ekki mundi hann að greina frá útliti eða öðrum einkennum á ákærðu, en kvað sér hafa fundist hún vera lítið undir áhrifum áfengis.

Telja verður sannað með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburði ákærðu svo og öðrum gögnum málsins, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi, sem hún er ákærð fyrir. Varðar brot hennar við þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu frá 17. september sl. sættist hún á sektargreiðslu hinn 17.09. 1982 vegna ölvunar við akstur, og var þá svipt ökuleyfi í 2 mánuði.

Framangreind dómsátt hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. alm. hegningalaga á brot ákærðu, sem hér er fjallað um, og verður henni dæmd refsing með tilliti til þess.

Refsing ákærðu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976, þykir hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt, sem renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 15 daga.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærðu ökuleyfi ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja, en þann dag var hún svipt því til bráðabirgða. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Dagrún Helga Hauksdóttir, greiði 15.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.